

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 495 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 20 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 81.000 kr. fyrir einstakling og 175.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 29.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 1. mars 1997.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 123 26. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um frestun álagningar gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

Álagning gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald er frestað til 15. mars 1997, samkvæmt heimild í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 25. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.